

Hönnun hf  
Axel Valur Birgisson  
Grensásvegi 1  
108 Reykjavík

**2003060003**  
3501; 9310

Reykjavík, 22. desember 2003  
/--

**Efni: Rafskautaverksmiðja á Katanesi, allt að 340.000 t, í Hvalfjarðarstrandarhreppi.  
Ákvörðun um tillögu að matsáætlun**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Kapla hf. að matsáætlun um rafskautaverksmiðju á Katanesi, allt að 340.000 t, í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Kapla hf. dags., 14. nóvember 2003 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Kapla hf. Rafskautaverksmiðja á Katanesi í Hvalfjarðarstrandarhreppi í Hvalfirði. HRV Engineering 14. nóvember 2003.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps, sveitarstjórn Skilmannahrepps, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Umhverfisstofnun, veiðimálastjóra og Veðurstofu Íslands.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemd frá eftirtöldum aðilum: Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps með bréfi dags. 5. desember 2003, sveitarstjórn Skilmannahrepps með bréfi dags. 8. desember 2003, Byggðastofnun með bréfi dags. 24. nóvember 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. nóvember 2003, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 17. desember 2003, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 8. desember 2003, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 4. desember 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. desember 2003, veiðimálastjóra með bréfi dags. 5. desember 2003 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 26. nóvember 2003. Athugasemd barst frá Jóni Þór Guðmundssyni með tölvupósti dags. 27. nóvember 2003. Skipulagsstofnun bárust frekari

upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemdar með bréfum dags. 27. og 28. nóvember, 4., 11., 12. og 18. desember 2003. Skipulagsstofnun barst einnig afrit af umsögn Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að matsáætlun dags. 31. október 2003.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Kapla hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum framkvæmdaraðila dags. 27. og 28. nóvember, 4., 11., 12. og 18. desember 2003 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmd og starfsemi**

Í kafla 1.5 í tillögu að matsáætlun er framkvæmd og starfsemi lýst. Á mynd 1.3 í kafla 1.5.4 er sýnt flæðirit fyrir framleiðsluferli í verksmiðjunni. Skipulagsstofnun telur að í tillögunni hefði átt að sýna sams konar mynd sem sýndi helstu uppsprettur mengunarefna og flæði þeirra til endurvinnslu og/eða hreinsibúnaðar og að einnig hefði átt að koma fram hvernig mengunarefni berast frá starfseminni þ.e. loftborin, með afrennsli frá starfseminni eða sem fastur úrgangur. Skipulagsstofnun telur að ofangreindar upplýsingar um mengunarefni þurfi að koma fram í matsskýrslu, þar sem getið verði um magn og tegund mengunarefna í útblæstri og úrgangi.

### **Framkvæmdasvæði og kostir**

#### ***Framkvæmda- og áhrifasvæði***

Í kafla 1.5.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirhugaða iðnaðarlód á Katanesi sem er alls um 143 ha. Greint er frá því að fyrirhuguð rafskautaverksmiðja þurfi ekki nema hluta þessa lands. Ennfremur kemur fram að ekki liggi fyrir nákvæmlega hversu umfangsmikið eiginlegt áhrifasvæði muni verða en það muni m.a. taka mið af niðurstöðum spá um dreifingu mengunarefna. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsskýrslu komi lóðamörk fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju skýrt fram á uppdráttum og það svæði sem framkvæmdin muni hafa áhrif á. Á uppdráttum og myndum þarf einnig að sýna afstöðu og staðsetningu annarra þátta framkvæmdanna, s.s. vegagerð, vatnsöflun og efnistöku. Í kafla 1.5.8 er fjallað um vinnubúðir. Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um stærð og umfang búðanna. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að í matsskýrslu sé æskilegt að leggja fram upplýsingar varðandi mögulega stækkun verksmiðjunnar.

#### ***Kostir***

Í kafla 2.1 og 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um aðra kosti þ.m.t. núllkost. Fram kemur að umfjöllun um aðra kosti varðandi staðsetningu, vinnsluaðferðir og tækjabúnað verði í matsskýrslu. Ennfremur kemur fram að fjallað verði um áhrif þess að ekki verði af byggingu rafskautaverksmiðju á Katanesi m.a. á rekstur álfyrirtækja í landinu, atvinnumál og þjóðarhag. Skipulagsstofnun telur að æskilegt hefði verið að leggja fram og gera grein fyrir mismunandi kostum á staðarvali og starfsemi í tillögu að matsáætlun og hvaða þættir umhverfis væru líklegir til að verða fyrir áhrifum. Ennfremur hefði verið æskilegt að greina frá því hvað kynni að ráða vali á kostum. Þessar upplýsingar þurfa að koma skýrt fram í matsskýrslu.

### ***Skipulag***

Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulag og samræmi framkvæmdar við skipulagsáætlunir. Skipulagsstofnun veur athygli á að í fyrirbyggjandi tillögu að Aðalskipulagi Hvalfjarðarstrandarhrepps 2002-2014 er gert ráð fyrir stækkun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga til austurs þ.a. svæðið nái yfir jörðina Katanes. Skipulagsstofnun bendir á að þegar ofangreind tillaga að Aðalskipulagi Hvalfjarðarstrandarhrepps verður staðfest mun falla úr gildi Aðalskipulag iðnaðarsvæðis á Grundartanga 1997-2017, breytt 7. nóvember 2000 og 8. nóvember 2002, fyrir þann hluta sem er innan marka Hvalfjarðarstrandarhrepps.

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

#### ***Loftmengun***

Í köflum 4.1 til 4.7 í tillögu að matsáætlun og í viðbótarupplýsingum framkvæmdaraðila dags. 4. og 12. desember 2003 er fjallað um útblástur frá rafskautaverksmiðju, hreinsun útblásturs, útreikninga á dreifingu mengunar, mat á umhverfisáhrifum útblásturs m.a. PAH efna og þynningarsvæði. Skipulagsstofnun telur að í tillögu að matsáætlun hefði átt að gera ítarlegri grein fyrir kostum varðandi mengunarvarnir ásamt því að skýra hvaða aðferðir væru fyrirhugaðar til að draga úr losun. Í matsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir ofangreindum þáttum ásamt því hvaða mengunarefni koma frá starfsemi rafskautaverksmiðju, magni þeirra og eiginleikum og áhrifum á umhverfið. Koma þarf skýrt fram í matsskýrslu hvaða hámark framkvæmdaraðili er reiðubúinn að miða við varðandi útblástur mengunarefna. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Skilmannahrepps og Veðurstofu Íslands þess efnis að reikna þurfi sammögnunaráhrif mengunar frá Norðuráli, Járnblendiverksmiðju og rafskautaverksmiðju.

Skipulagsstofnun telur ljóst af umfjöllun í tillögu að matsáætlun að fyrirhuguð rafskautaverksmiðja muni losa verulegt magn af PAH-efnum, brennisteinstvíoxíði, gróðurhúsalofttegundum og nokkuð af flúor og ryki. Hlutdeild Járnblendiverksmiðjunnar og Norðuráls í losun á brennisteinstvíoxíði og gróðurhúsalofttegundum ásamt losun flúors frá Norðuráli virðist mun meiri en frá fyrirhugaðri rafskautaverksmiðju en mun minni hvað varðar losun PAH-efna. Á núverandi stigi er ekki ljóst hvort og þá hver áhrif sú viðbót af mengunarefnum í útblæstri frá fyrirhugaðri rafskautaverksmiðju muni hafa á stærð þynningarsvæðis iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Skipulagsstofnun veur athygli á niðurstöðum úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 27. maí 2002 um umhverfisáhrif stækkunar Norðuráls á Grundartanga varðandi hámarksframleiðslu í álverinu og verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins og afmörkun þynningarsvæðis. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Veðurstofu Íslands um nauðsyn þess að afla þurfi frekari gagna um stöðugleika lofts á svæðinu svo unnt sé á viðhlítandi hátt að spá fyrir um hættu á skammtímamengun brennisteinstvíoxíðs vegna óhagstæðra veðurskilyrða á svæðinu. Æskilegt er að ofangreindar forsendur, sem munu væntanlega hafa áhrif á val á mengunarvarnarbúnaði fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju, liggi fyrir þegar á undirbúningsstigi framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að stóriðjufyrirtæki á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga í samvinnu við Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun og sveitarstjórnir á svæðinu komi upp viðhlítandi búnaði til mælinga á stöðugleika loftsins allan sólarhringinn sem fyrst.

### ***Mengun sjávar***

Í kafla 4.8 í tillögu að matsáætlun er fjallað um frárennsli. Koma þarf skýrt fram í matsskýrslu hvaða hámarksörk framkvæmdaraðili er reiðubúinn að miða við varðandi losun mengunarefna í frárennsli.

### ***Bráðamengun***

Í tillögu að matsáætlun er ekki fjallað um bráðamengun af völdum sjóflutninga vegna framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar í umsögn Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að matsáætlun um að vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar verði mikið magn efnis flutt sjóleiðis til landsins og að í matsskýrslu ætti að fjalla um hættu á mengun af völdum efna ef um óhapp yrði að ræða í sjóflutningum, svo og hugsanlega þörf á aðgerðaáætlun vegna bráðamengunar.

### ***Gróður og dýralíf***

Í kafla 1.6.3, 1.6.4, 4.9, 4.10 og 5.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um gróður og dýralíf og athuganir sem gerðar hafa verið á lífríki svæðisins á landi, í vötnum og í sjó m.a. í tengslum við vöktun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga og hvernig grein verður gerð fyrir niðurstöðunum í matsskýrslu. Í athugasemd er bent á að sést hafi til Flórgoða, sem er tegund á válista. Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að miðað við þær rannsóknir sem fyrir liggja sé ekki vitað um nein sjaldgæf dýrasamfélög á svæðinu. Þar sem varpstaðir fugla geti breyst, þyrfti að gera árlegar úttektir á fuglalífi á svæðinu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að í matsskýrslu séu birtar meginniðurstöður rannsókna og annarrar vöktunar á lífríki og þær bornar saman við lífríkisúttektir frá 8. áratugnum og að mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á gróður og dýralíf séu m.a. byggðar á þessum upplýsingum.

### ***Efnistaka***

Í kafla 4.14 í tillögu að matsáætlun er lítillega fjallað um efnistöku vegna framkvæmdarinnar. Þar kemur fram að farið verði eftir gildandi lögum um efnistöku og frágang ef taka þarf í notkun nýja efnistökuastaði vegna framkvæmdarinnar. Þar er einnig sagt að fjallað verði um efnistöku, staðsetningu náma og efnismagn í matsskýrslu. Að mati Skipulagsstofnunar á í matsáætlun að lýsa því hvernig staðið verður að slíku mati. Þar sem að það hefur ekki verið gert er því beint til framkvæmdaraðila að leggja fram áætlun um slíkt mat fyrir viðkomandi sveitastjórnir, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun til athugasemda á meðan á vinnslu matsskýrslu stendur.

### ***Fornminjar***

Í köflum 1.6.8 og 4.12 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um að nauðsynlegt sé að fornleifar verði merktar inn á kort sem muni fylgja matsskýrslu þ.a. afstaða þeirra til framkvæmdasvæðisins sé ljós.

### ***Hljóðmengun***

Í kafla 4.13 í tillögu að matsáætlun er fjallað um hljóðstig. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að við mat á hljóðstigi fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju þurfi að gera ráð fyrir mengunaruppsprettum sem fyrir eru á svæðinu eins og fram kemur í tillögunni og einnig fyrirhuguðum stækkunum iðnaðarfyrirtækja á svæðinu samkvæmt leyfum.

### ***Sjónræn áhrif***

Í kafla 1.5.3 í tillögu að matsáætlun eru talin upp helstu mannvirki fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Hvalfjarðarstrandarhrepps um að gæta þurfi að stærð bygginga við hönnun verksmiðjunnar.

### ***Vatnsöflun***

Í kafla 4.15 í tillögu að matsáætlun og frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að vatnspörf fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju verði um 1 sekúndulítri og að ekki liggi fyrir hvernig vatnspörf verði mætt. Vatnsöflun og hugsanleg áhrif vatnstöku á vatnafar og núverandi vatnsból svæðisins verði gerð skil í mastskýrslu. Í umsögnum og frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að óvissa ríki um vatnsöflun á svæðinu og að heildarvatnsöflun á svæðinu þurfi að endurskoða. Ljóst sé að vatnspörf fyrirhugaðrar verksmiðju muni verða lítil, núverandi aðstæður séu ekki fullnægjandi og að unnið verði að vatnsöflun fyrir verksmiðjuna í samráði við hlutaðeigandi aðila. Að mati Skipulagsstofnunar á í matsáætlun að lýsa því hvernig staðið verður að slíku mati. Þar sem það hefur ekki verið gert er því beint til framkvæmdaraðila að leggja áætlun um slíkt mat fyrir viðkomandi sveitarstjórnir, heilbrigðiseftirlit og Skipulagsstofnun til athugasemda á meðan á vinnslu matsskýrslu stendur. Skipulagsstofnun telur ennfremur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir þeim takmörkunum sem bygging verksmiðjunnar kann að hafa á vatnsöflun og vatnsnotkun á áhrifsvæði framkvæmdarinnar.

### ***Vöktun og rannsóknir***

Í kafla 5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um gögn, rannsóknir og vöktun. Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að í matsskýrslu verði lögð fram tillaga um tíðari vöktunarmælingar í Hvalfirði. Gert sé ráð fyrir að umhverfisvöktun í Hvalfirði verði samvinnuverkefni fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju á Katanesi og hinna tveggja iðjuveranna á Grundartanga. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er tekið undir mikilvægi þess að komið verði á fót vöktun á ástandi sjávar. Fram kemur að æskilegt sé að kanna uppsöfnun PAH-efna í sjó svo sem fyrirhugað er á landi. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar sem koma fram í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um könnun á uppsöfnun PAH-efna í sjó, Skilmannahrepps, veiðimálastjóra og Jóns Þórs Guðmundssonar um aukna tíðni mælinga á vöktunarþáttum eins og heyi, gróðri, dýralífi, grunnvatni og straumvatni. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að birta meginniðurstöður vöktunar umhverfis sem komið hefur verið á vegna stóriðju á Grundartanga og leggja þær til grundvallar mati á umhverfisáhrifum rafskautaverksmiðju ásamt endurskoðaðri vöktunaráætlun.

### ***Samfélag***

Í kafla 1.5.10 í tillögu að matsáætlun er tæpt á mannaflapörf og í kafla 4.17 kemur fram að fyrirhugaðar séu samfélagslegar athugunir m.a. um íbúa- og húsnæðisþróun á svæðinu. Í kafla 4.18 er greint frá því að niðurstöður mats á þjóðhagslegum áhrifum rafskautaverksmiðjunnar verði birtar í matsskýrslu. Skipulagsstofnun vekur sérstaka athygli á að upplýsingar um fjölda starfa við byggingu rafskautaverksmiðju og rekstur hennar eru nauðsynleg forsenda skipulagsvinnu í aðliggjandi sveitarfélögum. Sama gildir um áætlanir um fjölda, eðli og staðsetningu afleiddra starfa. Nauðsynlegt er að kynna þessar upplýsingar og niðurstöður samfélagslegra athugana jafnóðum fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnnum. Skipulagsstofnun vekur athygli á að Byggdastofnun gerir ekki efnislegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun en treystir því að þeir þættir sem varða áhrif á byggð og atvinnulíf verði kannaðir eins rækilega og unnt er.

### ***Landnotkun***

Í kafla 4.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um þynningarsvæði. Í kafla 1.6.1 er fjallað stuttlega um landnotkun en ekki er í tillögunni fjallað sérstaklega um áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun. Skipulagsstofnun vekur athygli á ábendingum í umsögnum og athugasemd um að fyrirhuguð verksmiðja muni verða reist í landbúnaðarhéraði og nauðsynlegt sé að meta áhrif rekstursins á landbúnaðarframleiðslu í næsta nágrenni. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera skýra grein fyrir áhrifum byggingar og reksturs fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju á landnotkun. Gera þarf grein fyrir þeim takmörkunum sem bygging verksmiðjunnar kann að hafa á landnotkun s.s. vegna þynningarsvæða á landi og sjó, vatnsnotkunar, efnistöku, mannvirkjagerðar, landbúnaðar, ferðaþjónustu, frístundabyggðar og hlunninda við Hvalfjörð.

### ***Áætlun um kynningu og samráð***

Í tillögu framkvæmdaraðila kafla 6 er fjallað um kynningu og samráð. Skipulagsstofnun telur að vanda þurfi vel til kynningar á vinnsluferli matsskýrslu. Stofnunin leggur áherslu á nauðsyn þess að kynna jafnóðum upplýsingar og niðurstöður fyrir hlutaðeigandi aðilum svo sem

sveitarstjórnnum. Til þess að sveitarfélögin á svæðinu geti markað sér stefnu og undirbúið þann hluta sem að þeim snýr er mikilvægt að þau séu á hverjum tíma upplýst um áætlanir og stöðu mála.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit:

Sveitastjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps  
Sveitastjórn Skilmannahrepps  
Byggðastofnun  
Fornleifavernd ríkisins  
Hafrannsóknastofnunin  
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið  
Jón Þór Guðmundsson  
Umhverfisstofnun  
Veiðimálastjóri  
Veðurstofa Íslands